

125

31. des.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 52 8. sept. 1931 [Útflutningsgjald af sild o. fl.].

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,  
Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Á sama hátt má endurgreiða innflutningstoll af sykri, sem notaður er við verkun þorskhrogna (gotu) til útflutnings, enda sé sannað með vottorði fiski-matsmanns, um hve mikið sykurmagn sé að ræða.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 31. desember 1935.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

126

31. des.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 73 29. des. 1934, um breyting á 1. gr. tolllaga.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,  
Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

1. gr. 7. b. í lögum nr. 73 29. desember 1934 hljóði svo:  
Af vindlingum (sigarettum) kr. 20.80 af hverju kg.